

## Skólaráðsfundur 19. nóvember 2024

*Mætt: Gunnar Sigurðsson, Sólrún Jóna, Birgitta, Íris Olga sem ritaði fundargerð, Kristvina, Halldór Stefánsson, Friðrik Logi H Knútsson. Trostan boðaði forföll, Birna Valdimarsdóttir boðaði einnig forföll.*

Dagskrá

1) Endurskoðuð aðalnámskrá.

Sjá [skjal](#):

- a) nám og kennsla
- b) lykilhæfni
- c) grunnþættir menntunar
- d) lestur og lestrarmenning
- e) samþætting námsgreina
- f) kennsluhættir og viðfangsefni
- g) leiðsagnarmat

2. Önnur mál

**Fundur:**

### **1) Endurskoðuð aðalnámskrá:**

KG fór yfir helstu áherslubreytingar, m.a. á lykilhæfni að fléttast inni í allt nám

Líflegar umræður spunnust um lykilhæfniþætti, samþættingu, námsmat og hvernig það ætti helst að vera. Rætt um vægi og merkingu bókstafa

Ábending frá nemenda um að gefa nemendum færi á að sýna hæfni sína umfram grunnskólafærni þannig að þeir geti unnið sér inn A / framúrskarandi.

Gunnar Sig. setti spurningarmerki við orðalag málsgreinarinnar „Íslenska í öllum námssviðum“, að íslenska eigi að vera grundvöllur í öllum greinum því eins og hún sé orðuð gæti hún virkað útilokandi fyrir þá sem eiga ekki íslensku að móðurmáli.

Gunnar vill lýsa yfir óánægju sinni með hvað framkvæmd leikskólans dregst, byggingasvæði tekur mikið pláss og er ekki öruggt fyrir börn.

Ekki fleira rætt og fundi slitið.